



Reykjavík, 22. september 2020
SFS2020010179
192. fundur
HG

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi málefni Fossvogsskóla

Á 188. fundi skóla- og frístundaráðs, 18. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum hvaða framkvæmdir hafa verið í Fossvogsskóla síðustu þrjá mánuði. Hvernig niðurstöður hafa fengist úr myglumælingum og hvaða tegund af myglu hefur fundist í Fossvogsskóla í mælingum sem gerðar voru í sumar.

Á 190. fundi skóla- og frístundaráðs, 8. september 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um málefni Fossvogsskóla. Voru sýni sem tekin hafa verið í sumar og eftir að framkvæmdum lauk ekki send til tegundagreiningar til Náttúrufræðistofnunar Íslands líkt og gert var áður? Ef það hefur ekki verið gert var það ekki niðurstaða samráðsfundar í vor að samþykkja að fara í samskonar sýnatöku líkt og gert var þegar alvarleg mygla fannst í skólanum? Gríðarlega mikilvægt er að farið sé í tegundagreiningu til þess að greina á milli umhverfismygla og myglu sem vex bara í rakaskemmdu efni innanhúss á Íslandi líkt og gert hefur verið áður í Fossvogsskóla.

Svar:

Meðfylgjandi er svar umhverfis- og skipulagssviðs við fyrirspurnunum.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 21. september

2020

USK2020080070

8.3

Skóla- og frístundaráð

***Fyrirspurn um framkvæmdir við Fossvogsskóla.
Tilvísun í SFS2018120034 og SFS2020010179.***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 18. ágúst lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi i fyrirspurn:

"Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum hvaða framkvæmdir hafa verið í Fossvogsskóla síðustu þrjá mánuði. Hvernig niðurstöður hafa fengist úr myglumælingum og hvaða tegund af myglu hefur fundist í Fossvogsskóla í mælingum sem gerðar voru í sumar."

Svör:

Áttatíu og sjö sýni voru tekin. Niðurstöður úr sýnatökum voru þær að níu sýni kölluðu á þrif og hreinsun og vegna sjö sýna var niðurstaðan sú að endurnýja þyrfti efni, hefur það verið gert. Öll mygla var þriffin og hreinsuð burt. Niðurstöður á tegundargreiningu liggur ekki fyrir, en er í vinnslu hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Agnar Guðlaugsson,
deildarstjóri byggingadeildar
skrifstofu framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

Samantekt um framkvæmdir í Fossvogsskóla sl. sumar

Framkvæmdir sl. 3 mánuði

Minnisblað úttekta Verkís - Verklag

Fyrsta skoðun snérist um staðsetningu á úttektaratriðum með starfsfólki skólans og fyrirmæli til verktaka. Önnur skoðun fólst í snertisýnatöku og ítarlegri skoðun á öllum rýmum skólans (18.júní). 19. júní. Fór fram skoðun í kjallara Vesturlands og sýnatöku í útlandi. Aftan við athugasemdir foreldra eru athugasemdir úr fyrstu skoðun Verkís, sem farið var í með eftirlitsmönnum Reykjavíkurborgar, skólastjórnendum og verktaka. Og í framhaldi þeirra frekari athugasemdir í seinni skoðun. Út frá þeirri skoðun var fjöldi sýna ákvarðaður og farið var í sýnatöku þann 18. júní. Alls voru tekin 87 snertisýni og rakamælingar framkvæmdar við alla útveggi. Undir hverri athugasemd í lista foreldra eru snertisýni vegna viðkomandi athugasemdar.

Þá bætist við umsögn um aðgerðir ef þeirra er þörf í viðkomandi úttektaratriði.

Um sýnatökuna

Snertisýnin eru tekin með skálum sem eru með Rose bengal æti. Þær eru látnar snerta flötinn sem sýni er tekið af. Niðurstaðan úr þeim sýnir hve mikið af myglu er á staðnum þar sem sýnið er látið snerta. Hér er kvarðinn frá 0-100. Skálarnar eru ræktaðar við 20°C í 120 klst og greining fer fram hjá Rannsóknarþjónustunni Sýni ehf.

Almennt gildir að bregðast þarf við myglu ef gildin fara upp fyrir u.þ.b. 20 myglur/skál.

Þá þarf einnig að taka tillit til margra annarra atriða er geta haft áhrif á þrif og hreinsun og/eða annarra utanaðkomandi aðstæðna. Sýni voru ekki tegundagreind, en öll mygla var fjarlægð/hreinsuð burtséð frá tegund.

Niðurstöður mælinga

Af þeim 87 sýnum sem tekin voru kölluðu 9 sýni á þrif og 7 sýnir á að efni væru endurnýjuð.

Framkvæmdir

Framkvæmdir voru tvískiptar annarsvegar það sem laut að myglumálum og hinsvegar það sem laut að viðhaldsmálum.

Vesturland

- Efni sem varð fyrir lekaskemmdum þegar þakgluggi lak var fjarlægt
- Öll göt gólfplötu 1. hæðar/skriðkjallara þétt með viðeigandi efnum
- Rakvarnarlag lagfært
- Límtrésbitar í miðrými voru þrífir/hreinsaðir (vanþrif sýndu myglumælingu)
- Á gluggum á austurhliðar Vesturlands vorum þéttingar endurnýjaðar og gluggar málaðir
- Drenkerfi þakglugga endurnýjað.

Meginland

- Eldhúsinnréttingar heimilisfræðistofu yfirfarnar allt þrifið undan innréttingum, settir nýjir sökklar og þeir dúklagðir
- Myndmennt: Dúkur fjarlægður í SA horni, steypa brotin upp, flotað og dúklagt, sökkudúkur endurnýjaður
- Skemmt efni í botnskáp fjarlægt og sett nýtt efni í botn skápsins
- Nýtt tjalld í íþróttasal hefur verið pantað, reiknað er með uppsetningu í jólafríi


- Rakamælingar framkvæmdar á nokkrum stöðum
- Þéttingar á gluggum heimilisfræði endurbættar
- Þakkantar þrífir (háþrýstipvegnir)
- Allar snyrtingar þrífir og hreinsaðar

Austurland

- Stofa 8: Dúkur fjarlægður í SV horni, steypa brotin upp, flotað og dúklegt
- Lofttristar á austurhlíð:
Þrífir/hreinsaðar (vegna langvarandi óþrifa, mygla mældis í gömlu ryki og óhreinindum)
- Allar snyrtingar yfirfarnar, rakaskemmdir lagfærðar, snyrtingar þrífir og mygluhreinsaðar vegna langvarandi óþrifa
- Rakamælingar á nokkrum stöðum
- Allir þakkantar opnaðir og fjöldi starrahreiðra fjarlægð og þakköntum lokað kyrfilega
- Niðurföll í stétt og drenlagnir fyrir utan stofur 16 og 17 röramyndaðar, ástand lagna í góðu lagi
- Bókasafnsveggur opnaður allt hreinsað með myglueyðandi efnum og rakaskemmd efni endurnýjuð
- Tónmennt, gólf í NA horni: Dúkur fjarlægður, steypa brotin upp, flotað og dúklegt. Gólf þrífir
- Allir lausir sólbekkir festir betur, einnig hreinsað undir þeim
- Sett ný loftaplasta þar sem lak, endurnýjaðar að hluta annarsstaðar
- Smíðastofa, gólf í SV horni: Dúkur fjarlægður, steypa brotin upp, flotað og dúklegt
- Salerni í stofu 16. var sérstaklega skoðað, opnaðir veggir þeir hreinsaðir og endurnýjuð veggjálæðning að innanverðu. Salernið var án skemmda og í lagi



Fingrafar á salerniskassa.



SA20 og SA21. Mikil óhreinindi við útflofanarristar. Sjá fingrafar

Útland

- Allir þakkantar yfirfarnir, starrahreiður fjarlægð, gert við skemmdir, þakköntum lokað kyrfilega og þeir málaðir

Fyrirbyggjandi viðhald

Verið er að vinna við fyrirbyggjandi viðhald utanhúss í tengslum við rakaskemmdir innanhúss.

21. september 2020